

## *Drög að auglýsingu vegna starfsmanns*

### **Verkefnastjóri verklegra framkvæmda í Flóahreppi**

Sveitarfélagið Flóahreppur óskar eftir því að ráða starfsmann til að sinna verkefnastjórn á verklegum framkvæmdum hjá sveitarfélaginu. Meðal helstu verkefna eru gerð verk- og kostnaðaráætlana, verkefnastjórn, stjórnun viðhalds- og nýframkvæmda í samráði við fasteignasvið, eftirlit með hönnun og framkvæmdum ásamt samskiptum við opinbera aðila.

Starfsmaður mun heyra undir sveitarstjóra og vinna náið með framkvæmda- og veitunefnd, starfsmönnum á fasteignasviði og verktökum í vatnsveitu Flóahrepps.

*Athygli er vakin á að um nýtt starf er að ræða og mun starfsmaður því taka þátt í mótun starfsins.*

#### **Æskilegar hæfniskröfur:**

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.
- Verk- tækni- eða byggingafræðimenntun eða önnur menntun/reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlunargerð.
- Reynsla af stjórnun kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg.

Flóahreppur er ört vaxandi sveitarfélag og mikill áhugi er á hvers kyns uppbyggingu á svæðinu. Framundan eru miklar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem snúa m.a. að nýrri íbúðarbyggð við Þingborg, viðbyggingu við Flóaskóla, viðhald og nýframkvæmdir á vatnsveitu Flóahrepps, uppbygging atvinnusvæðis og fleira.

*Umsóknarfrestur er til xx.xx.2025.*

**Nánari upplýsingar gefa Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri eða Árni Eiríksson oddviti (setja síma og netfang).**